

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 10. júlí 2009

Í deiglunni – Áherslur í viðskiptalífínu

Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi grein á heimasíðu ráðsins.

"Á undanförunum vikum og mánuðum hafa æ fleiri fyrirtæki færst undir forsjá ríkisins, með einum eða öðrum hætti. Það er að hluta eðlilegt, í kjölfar efnahagshruns eins og þess íslenska, að bregðast þurfi við rekstrarvanda fyrirtækja og því um stundarsakir ekki hægt að amast verulega við frekari aðkomu hins opinbera að fyrirtækjarekstri. Markmið hins opinbera ætti þó ávallt að vera að draga sig sem allra fyrst út úr rekstri fyrirtækja, enda sýnt að slíkt eignarhald er óskilvirkt og skapar iðulega fleiri vandamál en það leysir." [Lesu áfram...](#)

Umsagnir Viðskiptaráðs á sumarþingi

Viðskiptaráð hefur skilað inn talsverðum fjölda umsagna við ýmis frumvörp sem hafa verið lögð fram á yfirstandandi sumarþingi. Þar má helst nefna frumvarp um bankasýslu ríkisins, um eignaumsýslufélag ríkisins, um aðildarumsókn að Evrópusambandinu, um váttryggingarstarfsemi, um tilfærslu verkefna innan stjórnarráðsins og um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Að auki skilaði ráðið inn tæplega 40 umsögnum á síðastliðnu vorþingi. Þá hafa starfsmenn ráðsins jafnframt verið boðaðir fyrir þingnefndir til að fjalla nánar um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.

Viðskiptaráð hvetur félagsmenn til að hafa samband telji þeir ástæðu til að gera athugasemdir við tiltekin frumvörp. Vinsamlegast beinið öllum athugasemdum til lögfræðings Viðskiptaráðs, Haralds I. Birgissonar, í síma 510-7109 eða á tölvupóstfangið haraldur@vi.is.

Umsagnir Viðskiptaráðs má nálgast [hér](#).

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja – ensk þýðing

Undanfarna daga hefur verið unnið að þýðingu nýrrar útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllinn gáfu út 18. júní síðastliðinn. Ensk þýðing verður aðgengileg á heimasíðum þessara aðila um miðja næstu viku.

Sumaropnun á skrifstofu Viðskiptaráðs (20. júlí – 7. ágúst)

Athygli félagsmanna er vakin á því að opnunartími á skrifstofu Viðskiptaráðs mun taka breytingum frá og með mánudeginum 20. júlí næstkomandi. Frá þeim tíma og fram til föstudagsins 7. ágúst mun skrifstofan

vera opin milli 9-14, í stað 8-16.

Að auki er athygli félagsmanna vakin á því að fréttabréf Viðskiptaráðs er nú farið í frí og kemur út næst föstudaginn 7. ágúst.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er aðeins um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Hrein eign lífeyrisjóðanna í krónum talið nálgast hámark sumarsins í fyrra**, skv. nýlegum tölum Seðlabankans.
- **Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir 2,5% hagvexti á heimsvísu á næsta ári**, en skv. nýrri hagspá sjóðsins er hægur efnahagsbati í hagkerfum heimsins í sjónmáli.
- **Vöruskipti við útlönd voru hagstæð um 33 ma. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins**, skv. bráðarbirgðartölum Hagstofunnar. Er um að ræða rúmlega 50 ma. kr. viðsnúning m.v. sama tímabil í fyrra.
- **Útlit er fyrir að samkomulag náist við erlenda kröfuhafa ríkisbankanna í næstu viku**, en skv. aðstoðarmanni viðskiptaráðherra eru líkur á að kröfuhafarnir muni breyta kröfum sínum í hlutafé í bönkunum.
- **Samdrætti í efnahagslífi Danmerkur er lokið**, skv. mati Danske bank en bankinn gerir ráð fyrir hægum vexti það sem eftir er ársins.
- **Það er markmið ríkisins að minnka hlut sinn í bönkunum og jafnvel verulega á réttum tímamarki**, en þetta kom fram í máli viðskiptaráðherra á fundi í vikunni um endurreisn bankakerfisins.
- **Allir viðskiptavinir Kaupþings í Belgíu, Sviss og Lúxemborg fá innstæður sínar að fullu greiddar**, en íslenska ríkið tekur ekki á sig neinar skuldbindingar vegna þess.

- **Hreinar skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu verði 39% hér á landi árið 2017**, skv. nýlegri hagspá OECD samanborið við 97% í Bretlandi.
- **Samkvæmt könnun Bloomberg fréttaveitunnar þá er stöðugleiki að nást í bandarísku efnahagslífi**, en gert er ráð fyrir hagvexti á þessum ársfjórðungi.
- **Mýraboltamótið á Ísafirði hefur vakið athygli víða um heim**, en mótið verður haldið núna um verslunarmannahelgina.

Góða helgi og gleðilegt sumar.